
















*Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*
*Organisti: Arngerður María Árnadóttir*
*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*
*Einsöngur: Halldór Hallgrímsson*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug***

Prentmet Oddi

# *Sigurgeir Ingimarsson*

*Fæddur 5. maí 1929*
*Dáinn 16. apríl 2021*



*Útför frá Akraneskirkju*
*þriðjudaginn 27. apríl 2021*

*Tónlist fyrir athöfn*

## FORSPIL

*í fjarlægð*

*Karl O. Runólfsson - Cæsar*

## BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

## RITNINGARORÐ

## EINSÖNGUR

*Rósin*

*Friðrik Jónsson – Guðmudur Halldórsson*

## RITNINGARORÐ

Vér biðjum þig Drottinn að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðar sól rísa, veg þeim öllum vísa
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánauð og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær. Ó, Guð veit oss frið.
Veit oss þinn frið.

*Óskar Ingimarsson - Adrian Valerius*

## GUÐSPJALL

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
draumabláa júlínótt.

Á túni sefur bóndabær
og bjarma á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá bestu gjöf sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið,
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

*Davíð Stefánsson*

## MINNINGARORÐ

## EINSÖNGUR

*Litla flugan*

*Sigfús Halldórsson / Sigurður Elíasson*

## BÆN / FAÐIR VOR

## EINSÖNGUR

*Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá*

*Foersom - Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson*

## MOLDUN

*Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi´ í Jesú nafni,
í Jesú nafni´ eg dey,
þó heilsa´ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti´ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## BLESSUN

## EFTIRSPIL

*Draumalandið*

*Sigfús Einarsson – Guðmundur Magnússon*